

79. stjórnarfundur í Minjasafni Egils Ólafssonar haldinn í Minjasafninu á Hnjóti í Örlygshöfn laugardaginn 6. nóvember 2010 kl. 12.00.

**Mættir :** Magnús Ólafs Hansson, Björgvin Sigurjónsson og Sigurbjörg Ásgeirsdóttir safnvörður. Egill Ólafsson boðaði forföll.

Fundargerð ritar Magnús Ólafs Hansson.

Dagskrá:

1. Drög að stofnskrá fyrir Minjasafnið á Hnjóti
2. Bréf frá Bátasafni Breiðafjarðar
3. Fjárhagsstaða safnsins
4. Önnur mál

Magnús Ólafs setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.


#### **Hér var gengið til dagskrár.**

1. Kynnt voru drög að stofnskrá fyrir Minjasafnið. Fundarmenn voru sammála um að leggja fyrir Samráðsnefnd endurunnin drög og fylgja þau fundargerð þessari.
2. Formaður kynnti bréf frá Bátasafni Breiðafjarðar þar sem Bátasafnið lýsir yfir einlægum vilja til að taka báta Minjasafnsins til viðgerðar og geymslu.
3. Safnvörður fór yfir fjárhagsstöðu safnsins. Fram kom í máli safnvarðar að fjárhagsstaða safnsins væri afar slæm. Hún kynnti fjárhagsáætlun fyrir safnið fyrir árið 2011. Stjórnin leggur til við Vesturbyggð að reikningar vegna launavinnslu verði endurskoðaðir með tilliti til verulegrar lækkunar og jafnframt endurskoði sveitarfélögin framlag þeirra til aukningar fjármuna til rekstrar safnsins. Skv. fyrirleggjandi gögnum hefur greinilega orðið misbrestur á vísitölu uppreikningi og þ.a.l. hefur framlag sveitarfélagana farið stig lækkandi frá ári til árs. Vegna bókhalds, reikningagerðar og launaútreikninga safnsins álitur stjórn safnsins að þessir liðir séu orðnir óhóflega miklir og að allra leiða verði leitað til að lækka þá. Safnverði falið að koma með niðurstöðu rekstrarkostnaðar vegna kaffistofu á safninu fyrir næsta fund. Stjórn safnsins leggur til að tryggingar safnsins verði boðnar út nú þegar og safnverði falið að afla tilboða vegna þess. Formanni falið að skrifa bréf til eigenda safnsins varðandi fjárhagsstöðuna.

Endurunnin fjárhagsáætlun fylgir fundargerð þessari.

4. Önnur mál.
  - a. Safnvörður upplýsti að fulltrúi Þjóðminjasafns mundi koma til vinnu við safnið ásamt fulltrúa frá Safnaráði í tvo daga vegna skráningu muna á allra næstu dögum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.40.

  
Magnús Ólafsson